

# Hverfisráð Hríseyjar

94. fundur

Hverfisráðs Hríseyjar fundaði föstudaginn 28. ágúst kl. 10.00 í Hlein.

Á fundinn mættu: Anton Már Steinarsson, Hermann Erlingsson og Þorgeir Jónsson.

## Dagskrá:

### 1. Austurvegur.

Framkvæmdum við Austurveg hefur verið frestað eina ferðina enn. Hverfisráð er mjög ósátt við þessa niðurstöðu og er búið er að óska eftir fundi með framkvæmdaráði sem vonandi verður haldinn sem fyrst.

### 2. Samgöngur.

Rætt um samgöngur við Hrísey og áætlun ferjunnar, ráðið ítrekar óskir almennings um eina áætlun allt árið sem hafa ítrekað komið fram og hægt er að lesa um í skýrslu áhugahóps um framtíð Hríseyjar, [http://www.hrisey.net/static/files/hrisey2014-samantekt\\_af\\_malthingi\\_og\\_konnun.pdf](http://www.hrisey.net/static/files/hrisey2014-samantekt_af_malthingi_og_konnun.pdf). Einnig telur ráðið að skoða þurfi með gjald fyrir upphringiferðir sem sett var á 2010. Ákveðið að senda fyrirspurn á Vegagerðina vegna skerðingar á áætlun sem gerð var tímabundið árið 2010 þegar rekstraraðilum var gert að skera niður um ákveðinn fjölda ferða, gjalds vegna upphringiferða og hvort farið sé að huga að nýju skipi því það er orðið fimmtán ára gamalt. Hverfisráðið telur líka mikla þörf á því að fá aðstoð við að ná aftur samgöngum í landi í tengslum við ferjunáætlun eins og staðan er í dag þarf að ganga 2,2 km til að geta notað almenningsamgöngur. Til að styðja við byggð og uppbyggingu í ferðaþjónustu þarf að vera hægt að nota þessar samgöngur.

### 3. Brothættar byggðir.

Verkefnastjórn hefur verið skipuð og fyrsti fundur hennar verður haldinn í Hrísey 10. september.

Stjórnina skipa: Matthías Rögnvaldsson Akureyrarkaupstað, Sigríður K. Þorgrímsdóttir og Kristján Þ. Halldórsson Byggðastofnun, Gunnar Gíslason Eyþingi. Þorvaldur L. Sigurjónsson Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar, Anton M. Steinarsson og Linda Ásgeirsdóttir, fulltrúar íbúa í Hrísey.

### 4. Önnur mál.

Rætt um nettenginu og lagt til að það verði eitt að þeim málum sem verði skoðuð í verkefninu Brothættum byggðum.

Samkvæmt framkvæmdadeild verður farið í að klára ljósastauramálið fyrir veturinn og fagnar Hverfisráðið því að þau mál komist í lag.

Rætt um ástand vega utan þorps í eyjunni og ákveðið að óska eftir því að framkvæmdaráð beiti sér í að fá vegina lagfærða því ástand þeirra er ekki gott.

Einnig er óskað eftir að vegrið við Hjallaveg sem búið er að óska eftir í langan tíma verði að veruleika.

Mikill áhugi er hjá Hverfisráði fyrir því að markaðsetja Íþróttamiðstöðina í Hrísey betur og reyna að fá meiri nýtingu á þessum mannvirki. Ákveðið að ræða við forstöðumann sundlaugar á Akureyri og framkvæmdarstjóra Samfélags og mannréttindadeildar um málið.

Aksturssvæði við Lambhagaveg. Núgildandi leyfi vegna svæðisins er að renna út og óskað var eftir því að Hverfisráðið veitti umsögn vegna þess að búið er að óska eftir áframhaldandi leyfi. Ekki tókst sátt um málið og erindið því sent aftur til bæjarins.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 11.30.

Anton Steinarsson  
Hermann J. Erlingsson  
Þorgeir Jónsson

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Lindu Maríu Ásgeirsdóttur.